



HÁSKÓLI ÍSLANDS



# Fjarkennsla í íslensku á háskólastigi

---

Eiríkur Rögnvaldsson,  
10. mars 2001

# Efni erindisins

---

- ★ Fjarkennsla í íslensku við Háskóla Íslands
  - örstutt greinargerð um upphaf og skipulag
- ★ Skipulag tveggja námskeiða í íslensku
  - sem ég hef kennt undanfarna vetur
- ★ Samanburður mismunandi kennsluaðferða
  - vefkennsla, fjarfundabúnaður, talglærur

# Skipulag fjarkennslu í íslensku

---

- Fjarkennsla í íslensku við Háskóla Íslands
  - hófst með tveimur 5e námskeiðum haustið 1999
- Upphaflega átti að kenna hagnýta íslensku
  - 45e diplómanám
- Nú er kennt til 90e BA-prófs
  - ekki er þó gert ráð fyrir að unnt verði að taka allt BA-námið í fjarnámi á næstunni
  - en miðað við að öll kjarnanámskeið (45e) verði fjarkennd frá og með næsta háskólaári

# Kjarnanámskeið í íslensku

---

- Aðferðir og vinnubrögð H 1999 og H 2000
- Inngangur að málfræði H 1999 og H 2000
- Íslenskt nútímamál V 2000 og V 2001
- Bókmenntafræði I V 2000
- Íslenskt mál að fornu H og V 2000-2001
- Bókmenntir síðari alda H og V 2000-2001
- Miðaldabókmenntir H og V 2001-2002



# Hverju þarf að sinna í fjarkennslu?

---

- Veruleg viðbótarvinna getur falist í því að kenna námskeið í fjarkennslu
- Þeirri vinnu má í grófum dráttum skipta í fernt:
  - ★ Að tileinka sér næga tæknikunnáttu
  - ★ Að gera efni aðgengilegt á vefnum
  - ★ Að undirbúa og kenna sérstakra tíma
  - ★ Að hafa samskipti við fjarnemendur

# Aðferðir og vinnubrögð



MYWEBCT | RESUME COURSE | COURSE MAP | HELP

Hide Navigation,  
Expand Content

Aðferðir og vinnubrögð

[Home](#)

## Course Menu

- Homepage
- Námskeiðið
- Kennsluáætlun
- Ritaskrá
- Námsgögn
- Verkefni og próf
- Póstur
- Umræður
- Krækjur
- Fyrirlestrar
- Glærur



## Aðferðir og vinnubrögð



[Námskeiðið](#)



[Kennsluáætlun](#)



[Ritaskrá](#)



[Námsgögn](#)



[Verkefni og próf](#)



[Póstur](#)



[Umræður](#)



[Krækjur](#)

Heimsóknir á þessa síðu eru orðnar **00028**

# Námskeiðið, Dagatal, Ritaskrá

---

- Námskeiðið
  - almennar upplýsingar um námskeiðið
- Dagatal
  - viðfangsefni hvers kennsludags á misserinu
  - með krækjum í lesefni, fyrirlestra, glærur, verkefni
- Ritaskrá
  - bækur og greinar sem vísað er í
  - með krækjum í skannaðar greinar á vefnum

# Námsgögn

---

- Fyrirlestrar
  - allir fyrirlestrar sem fluttir eru á námskeiðinu
- Glærur
  - glærur námskeiðsins á tvenns konar formi
- Lesefni
  - skannaðar tímaritsgreinar og bókarkaflar
  - auglýsingar um stafsetningu og greinarmerki
  - og sitthvað fleira



# Verkefni og mat

---

- Skilaverkefni
  - skilaverkefni hverrar viku
  - ásamt úrlausnum
- Æfingar
  - til þjálfunar í ýmsum þáttum námskeiðsins
  - m.a. eldri próf í ýmsum þáttum námskeiðsins
- Staða
  - hver og einn getur skoðað stöðu sína

# Póstur, Umræður, Spjall; Krækjur

---

- Póstur
  - lokaður tölvupóstur fyrir kennara og nemendur
- Umræður
  - fyrir samskipti milli margra, t.d. í hópum
- Spjall
  - lokaðar spjallrásir fyrir kennara og nemendur
- Krækjur
  - í vefsíður stofnana, skrár, gagnasöfn o.fl.

# Íslenskt nútímamál

---

- Kennt í WebCT og fjarfundabúnaði
  - Einn tvöfaldur tími á viku í fjarfundabúnaði
    - fyrri hluta misseris; síðan einn þriðju hverja viku
  - Upptökur af fyrirlestrum á vefnum
    - tal tengt við PowerPoint-glærur
  - Margar glærur (tæplega 40 á viku að meðaltali)
  - Skilaverkefni, úrlausnir, æfingaverkefni
  - Tölvupóstur, umræðuvefur, spjalltímar

# Tvenns konar fyrirlestraform

---

- Fyrirlestrar í fjarfundabúnaði
  - háðir stað
  - háðir tíma
  - hlustað einu sinni á
  - gagnvirkni
  - tengjast öðrum miðlum
  - sveigjanlegir
  - nýtast aðeins einu sinni
  - varðveitast ekki
- Fyrirlestrar á „talglærum“
  - óháðir stað
  - óháðir tíma
  - hægt að hlusta oft á
  - engin gagnvirkni
  - bundnir við glærurnar
  - ósveigjanlegir
  - geta nýst oft
  - varðveitast



# Sveigjanleiki fjarfundabúnaðar

---

- Auðvelt að birta efni úr ýmsum áttum
  - af netinu
  - glærur
  - myndbönd
- Skjalamyndavél gerir kleift að sýna
  - ýmsa hluti
  - myndir og texta úr bókum
  - handskrifuð blöð – jafnvel skrifuð á staðnum

# Notkun fjarfundabúnaðar

---

- Gagnvirkni – að vísu nokkuð stíð  
– nemendur geta spurt og gert athugasemdir
- Kennari þarf að gera hlé öðru hverju  
– og leita eftir athugasemdum og spurningum
- Kennari ræður hvað nemendur sjá  
– kennarann, glærur, frá skjalamyndavél o.s.frv.
- Kennari getur fært sig milli staða  
– og þarf að gera það öðru hverju

# Gerð talglæra

---

- Nauðsynlegur búnaður til að gera talglærur:
  - tölva með hljóðkorti
  - hljóðnemi, helst tengdur við heyrnartól
  - PowerPoint
  - Real Presenter
  - Real Player
- Auk þess sæmilegt næði
  - þótt engin þörf sé á sérstöku hljóðveri

# Fyrirlestrar á glærum

---

- Lengd fyrirlestra er í sjálfu sér ótakmörkuð
  - en ætti ekki að fara yfir 45 mínútur
- Lengd tals með hverri glæru er ótakmörkuð
  - 2-5 mínútur getur þó verið heppilegt viðmið
- Hægt er að taka fyrirlesturinn upp í einni lotu
  - eða fyrir eina eða fleiri glærur í senn
- Hægt er að bæta inn glærum eftir á
  - og taka upp aftur tal með einni og einni glæru



# Athugunarefni við flutning

---

- Best er að tala út frá efnisatriðum á glærum
  - ekki vera með textann skrifaðan frá orði til orðs
- Ekki hafa áhyggjur af talmálseinkennum
  - hiki, mismælum, leiðréttingum, endurtekningum
- Þau gera fyrirlesturinn einmitt eðlilegri
  - og auðvelda nemendum að fylgjast með
- Nemendur kunna þessu formi vel
  - finnst þægilegt að geta ráðið ferðinni

# Blönduð tækni hefur gefist best

---

- Vandað og vel skipulagt efni á vef er nauðsyn
  - en vefurinn einn án gagnvirkni er ófullnægjandi
- Fjarfundabúnaður getur nýst vel
  - nemendur vilja fá að sjá kennarann stöku sinnum
- Talglærur eru góður miðill
  - koma að verulegu leyti í stað fyrirlestra
- Spjalltímar eru einnig gagnlegir
  - ekki síst fyrir óformlegt spjall um allt og ekkert

---

Ég þakka áheyrnina.

Eiríkur Rögnvaldsson

[eirikur@hi.is](mailto:eirikur@hi.is)

<http://www.hi.is/~eirikur>